

Samþykkt um frestun greiðslu fasteignagjalda.

Fasteignagjöld í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru með níu gjalddögum frá febrúar til október.

Sveitarstjórn samþykkir að eindögum fasteignagjalda í mars, apríl, maí og júní 2020 verði frestað hjá rekstraraðilum. Samþykkt þessi nær til fasteignagjalda í gjaldflokki C af eignum fyrirtækja sem hafa orðið fyrir umtalsverðu tekjutapi vegna áhrifa COVID-19 veirunnar. Sem bera fasteignaskatt í c flokki. Ákveðið verði síðar hvenær greiðslur samkvæmt ofangreindum gjalddögum eigi sér stað.

Stuðst verður við skilgreiningar sem ríkið mun beita við mat á því hvort og í hvað tilfellum sé um verulegt tekjutap sé að ræða sem við mat á því hvenær fyrirtæki sem um ræðið hafi getu til að greiða þá gjalddaga sem frestað verður.

Þess er vænst að Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórn komi sem fyrst á fót þjónustugátt þar sem umsókn um frestun eig sér stað. Skal umsókn um ofangreinda frestun fara fram í gegnum slíka gátt.

Með því móti geti fyrirtæki sótt um frestun gjalda ríkis og sveitarfélagar á einum stað

Tekið verði tilliti til breytinga á tekjustreymi með greiningu. Að svo stöddu eru ekki forsendur fyrir greiningu af því tagi.

Mötuneytisgjöld

Vegna áhrifa COVID-19 veirunnar á skipulag skóla- og leikskólastarfs samþykkir sveitarstjórn að mötuneytisgjöld verði ekki innheimt vegna leikskólabarna og nemenda í grunnskóla þegar börn eru heima vegna sóttkvíar, veikinda eða ákvörðunar foreldra enda séu fjarvistir vegna þessa ávallt í heilum vikum.